

## Liam Allen og rangar ákætur um kynferðislegt ofbeldi

Síðustu áratugi hafa kvenfrelsunarsamtök beitt sér af ofurafli fyrir því, að konum sé trúað, þegar þær ákæra um kynferðislegt ofbeldi. Karlmenntæra slíkt athæfi örsjaldan, þannig að um „kynbundin“ sakamál er að ræða. En sumar konur ljúga. Það er ekki fjarri lagi að ætla, að slíkar ákætur séu drottunarleið kvenna, sem bera þess háttar sakir á karlmenn. Oft og tíðum er um kyndrottun að ræða, þegar óeirð ríkir í sambandinu í tenglum við peningamál eða forsjá. Hefnd er oft aflvakinn. Sum sé, þulan hljómar; „konur ljúga ekki.“ Á þeim grundvelli – sem og á þeirri almennu forsendu, að konur séu fórnarlömb karla – krefjast ofangreind samtök þess, að lögregla og ákæruvald geri gangskör að fjölgun sakfellinga karla. Sönnunarbyrði sakarábera verður sífellt rýrari í roðinu. Áhrif þessa eru vafalítið þau m.a., að rannsókn lögreglu og vinnubrögð ákæruvalds eru augljóslega „fórnarlambsvæn.“ RÚV kallar sakarábera í þessum málum „brotaþola“ eða „aflifanda (survivor).“ Hin eldforna grundvallarregla réttarhugsunar, að sakborningur sé saklaus, uns sekt er sönnuð, hefur verið kastað fyrir róða að töluverðu leyti. Í léttvægri málsmeðferð felst t.d. að stinga undir stól gögnum, sem benda gegn sakargiftum. Þetta nýja réttarfar hefur leitt til fjölda harmsaga. Í greininni er vísað til harmsögu ungs Englending, Liam Allen. Málið hefur þrátt fyrir allt vakið upp hneykslan hjá kvenfrelsunarinnrættum almenningi. Fólki ofbýður réttarmorðin, svo að nú skal réttarfarið í Englandi brotið til mergjar í þessu tilliti. Vonandi boðar það réttlátan viðsnúning, að spyrnt sé fæti gegn síbyljuáróðri kvenfrelsaranna.

<https://www.bbc.com/news/uk-42841346>